

162. fundur í skólanefnd

Priðjudaginn 11. febrúar kl. 16:15-18:00

Mættir: Dóra Ármannsdóttir, Erna Björnsdóttir, Gunnar Árnason, Halldór Valdimarsson, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir, Trausti Aðalsteinsson og Unnur Sigurðardóttir og Ásrún Ósk Einarsdóttir
Þorkell L. Þórarinsson boðaði forföll. Ekki tókst að ná í varamann í hans stað.

Fundarstjóri: Erna Björnsdóttir

Fundarritari: Herdís Þ. Sigurðardóttir

Erna setti fundinn og eftir það var gengið til dagskrár.

1. Uppgjör haustannar 2013

Herdís kynnti tölulegar upplýsingar um fjölda nemenda á síðustu önn og fjöldaþróun undanfarinna ára, skólasókn og meðaleinkunnir.

2. Skólastarfið á vorönn.

Dóra fór yfir helstu atriði í skólastarfinu það sem af er vorönn 2014. Meðal þess sem hún kynnti var:

- skyndihjálparnámskeið sem Ingólfur Freysson hélt fyrir starfsfólk skólans á starfsdögum í upphafi vorannar
- spurningakeppnin Gettu betur sem fram fór í janúar.
- námskeið í leiðsagnarmati sem Lilja Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari í Menntaskóla Borgarfjarðar hélt fyrir kennara FSH þann 15. janúar
- heimsókn Dóru, Herdísar og Erlu Sigurðardóttur í Öxarfjarðaskóla og Grunnskóla Raufarhafnar 20. janúar en þar voru kynntar hugmyndir FSH og Norðurþings um námsver í Lundi og á Raufarhöfn
- heimsókn 10. bekkjar Borgarhólsskóla, Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar í FSH þann 6. febrúar þar sem stjórnendur FSH og stjórn nemendaráðs kynntu skólann
- heimsókn tveggja nemenda frá HR og HÍ þann 29. janúar þar sem haldin var kynning á tækni- og verknámi
- sýningin *Laddi lengir lífið* sem hluti af nemendum og starfsfólki FSH sótti laugardaginn 8. febrúar
- skráning framhaldsskólanema í mötuneyti en nemendur FSH eiga nú þess kost að kaupa máltíðir í mötuneyti Borgarhólsskóla og hófst það samstarf í byrjun febrúar.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi bókun:

Skólanefnd FSH lýsir yfir ánægju sinni með aðgang nemenda skólans að mötuneyti Borgarhólsskóla. Það er gleðiefni að nemendur FSH skuli nú eiga kost á staðgóðum hádegisverði, ekki síst í ljósi þess að skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi Framhaldsskóli. Það hefur lengi verið ósk nemenda

skólans, aðstandenda og starfsfólks að nemendur eigi kost á hollum hádegisverði og er einkar ánægjulegt að sú ósk sé orðin að veruleika.

3. Staðan í kjaradeilunni

Dóra og Gunnar Árnason sögðu frá því að staðan í kjaradeilu ríkisins og framhaldsskólakennara væri mjög óljós. Samningafundir hefðu enn ekki borið árangur og þungt hljóð væri í framhaldsskólakennurum um allt land. Fulltrúar úr stjórn kennarafélags FSH hefðu verið boðaðir á fund á næstkomandi fimmtudag yrði frétt að vænta í kjölfar þess.

4. Bett-skólasýningin

Herdís kynnti niðurstöður úr málstofum sem hún sótti á Bett-skólasýningunni sem haldin var í London 22.-26. janúar.

5. Önnur mál

Dóra sagði frá því að búið væri að samþykka rekstraráætlun skólans fyrir árið 2014. Skólinn varð þó fyrir skerðingu á rekstrarfé sem nam 7,3 m.kr. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að rekstur skólans verði í jafnvægi á þessu ári.

Starfsmannasamtöl standa nú yfir í FSH og hefur Dóra að undanfögnu sótt kennslustundir hjá kennurum og kynnt sér starfið í skólastofunni.

Ásrún sagði frá fyrirhuguðum dillidögum en þeir verða að vanda haldnir síðustu vikuna í febrúar.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.